

A 1850/presidiet

Flytjandi Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla Forsætisnefndin

Þingmannatillaga um að viðhalda frjálsri för á Norðurlöndum þegar hættuástand ríkir**Tillaga**

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum um

að hefja samnorræna rannsókn til að finna út hvernig vinna megi gegn stjórnsýsluhindrunum og komast hjá lokun landamæra á Norðurlöndum þegar hættuástand ríkir

Bakgrunnur

Frjáls för og vegabréfafrelsi eru ef til vill stærstu kostir Norðurlanda. Þeim hefur margsinnis verið ógnað á undanförunum árum þegar landamærum norrænu landanna hefur verið lokað bæði oft og víða. Jafnframt hafa nýjar stjórnsýsluhindranir orðið til. Að ýmsu leyti hefur reynt á kjarnann í hinni norrænu grundvallarskipan samkvæmt Helsingforssamningnum.

Árið 2019 var stefna Norðurlandaráðs um samfélagsöryggi samþykkt. Stefnan afhjúpar brestina í norrænu samstarfi um samfélagsöryggi. Þessir brestir hafa orðið enn greinilegri eftir að kórónufarsóttin breiddist út. Nýjar stjórnsýsluhindranir hafa orðið til eins og landamæraeftirlit, biðraðir og truflanir á umferð og áætlun lesta. Auk þess hafa vinnuferðalangar orðið fyrir óþægindum vegna reglna á sviði félagsþjónustu og skatta sem refsa þeim vegna þess að þeir hafa neyðst til að vinna heima hjá sér. Líf þeirra hefur orðið óbærilegt vegna ófyrirséðra seinkana, yfirfullra lesta og skilríkjaeftirlits á lestarstöðvum.

Svo hörmuleg hefur þróunin orðið á Norðurlöndum sem um áratugaskeið hafa stært sig af vegabréfasambandinu, sameiginlegum vinnumarkaði og gagnkvæmri viðurkenningu á menntun. Slík er staðan á Norðurlöndum þar sem við erum stolt af framtíðarsýn forsætisráðherranna um að skapa sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi.

Hvert er inntak hugtaksins „samþættasta svæði heims“? Er það svæði þar sem frjáls för er virt þegar sólin skín en innri landamæri lokuð um leið og dregur fyrir sólu? Við höldum ekki.



Flokkahópur miðjumanna álitur að „samþættasta svæði heims“ eigi að takast á við hættuástand saman án þess að leggja samstarf og starfsemi þvert á landamæri í hættu; það sé svæði sem ekki neyði íbúana til að velja hvorum megin landamæra þeir eigi að dvelja þegar vá ber að dyrum, svæði sem vekur ekki fyrirtækjum ugg um að landamærum verði lokað þegar hættuástand skapist eða að gripið verði til annarra óvæntra og fordæmalausra aðgerða.

Flokkahópur miðjumanna álitur að Norðurlönd eigi að nýta sér kórónukreppuna til að styrkja á ný tiltrú almennings og fjárfesta á stjórnkerfinu og norrænu samstarfi. Semja verði norrænar leiðbeiningar um viðbrögð við vá í framtíðinni.

Flokkahópur miðjumanna leggur því til að hafin verði rannsókn í því skyni að draga lærdóm af kórónukreppunni og öðru viðlíka hættuástandi sem leitt hefur til stjórnsýsluhindrana milli norrænu landanna hin síðustu ár. Rannsóknin feli í sér hlutverk og umboð Stjórnsýsluhindranaráðsins og verði í niðurstöðum hennar gerðar frekari kröfur til að viðhalda frjálsri för innan Norðurlanda.

Rafrænum flokkahópsfundum, Rovaniemi, hinn 14. september 2020

<i>Anders Eriksson (ÅF)</i>	<i>Linda Modig (C)</i>
<i>Anna Kolbrún Árnadóttir (Mifl)</i>	<i>Magnus Ek (C)</i>
<i>Arman Teimouri (L)</i>	<i>Magnus Jacobsson (KD)</i>
<i>Bertel Haarder (V)</i>	<i>Mikko Kinnunen (cent)</i>
<i>Heidi Greni (Sp)</i>	<i>Mikko Kärnä (cent)</i>
<i>Janine Alm Ericsson (MP)</i>	<i>Outi Alanko-Kahiluoto (grænum)</i>
<i>Jaspur Langgaard (sb)</i>	<i>Pirkka-Pekka Petelius (grænum)</i>
<i>Joakim Strand (sv)</i>	<i>Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)</i>
<i>Jouni Ovaska (cent)</i>	<i>Simon Holmström (HI)</i>
<i>Ketil Kjenseth (V)</i>	<i>Tore Storehaug (KrF)</i>
<i>Kjell-Arne Ottosson (KD)</i>	